



FUNDARGERÐ

16. fundur Vatnsveitu Rangárbæjar ytra og Ásahrepps
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, þriðjudaginn 5. apríl 2022
og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Gíslason, Yngvi Harðarson, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Tómas Haukur Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Haraldur Eiríksson formaður hafði boðað forföll. Í fjarveru formanns var samþykkt samhljóða að Ágúst Sigurðsson varamaður hans myndi stýra fundi. Einnig sat fundinn undir liðum 1-2 Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 2022 - 2203092

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir mánuðina janúar-febrúar.

2. Ársreikningur Vatnsveitu 2021 - 2203091

Til staðfestingar

Kynntur var endurskoðaður ársreikningur Vatnsveitu Rangárbæjar ytra og Ásahrepps bs. fyrir árið 2021. Rekstrarniðurstaða veitunnar var jákvæð um 8,0 mkr. Fjárfesting ársins var 81,1 mkr. Ársreikningur 2021 var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

3. Yfirlit frá veitustjóra - 2005018

Upplýsingar úr daglegum rekstri.

Tómas Haukur Tómasson fór yfir rekstur vatnsveitunnar. Nýr vatnstankur og búnaður í Fögrubrekku hefur nú verið tekinn í gagn og hefur reynst vel. Ekki hefur verið mikið um ófyrirséð atvik síðasta misserið og daglegur rekstur gengið ágætlega.

4. Framkvæmdaáætlun 2017-2026 - 1702029

Næstu skref varðandi framkvæmdir.

Farið var yfir stöðu þeirrar framkvæmdaáætlunar sem unnið hefur verið eftir síðustu árin en nú eru ákveðin tímamót eftir að stækkun Lækjarbotnaveitu er lokið. Ástæða er því til að endurmeta stöðuna hvað varðar forgangsstöðun þeirra verkefna sem framundan eru. Framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir að árið 2022 verði stærsta verkefnið að koma á öflugri tengingu frá Suðurlandsvegi við Lyngás að Ráðagerði sem eykur m.a. afhendingaröryggi í Þykkvabæ. Stjórn varpar fram þeirri hugmynd hvort breyta ætti framkvæmdaröð þannig að nýlagningu frá Djúpósi í Þykkvabæ verði flýtt til 2023 og þannig lokið endurnýjun lagna til Þykkvabæjar í samfellu. Endurnýjun lagna frá Sléttalandi að Hamrahverfi myndi þá færast til 2024 en þar er hægt að virkja aukaleið frá

THJ
M
YHL
LSD

Þjósartúni að Hamrahverfi til að tryggja afhendingu. Jafnframt mun uppsetning dælu við Rauðalæk efla afhendingaröryggi í Áshverfi.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin yfirlesin og staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.


Guðmundur Gíslason


Yngvi Harðarson


Agúst Sigurðsson



Tómas H. Tómasson